

Ed. 500. Frumvarp til jarðræktarlaga.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

I. KAFLI

Um stjórn ræktunarmála.

1. gr.

Atvinnumálaráðuneytið (landbúnaðarráðherra) hefir á hendi æðstu stjórn allra ræktunarmála.

2. gr.

Búnaðarfélag Íslands hefir á hendi umsjón með framkvæmd þeirra ræktunarmála, sem lán eða styrkur er veittur til samkvæmt lögum þessum, enda sé skipulag þess og starfsreglur í samræmi við ákvæði laganna.

Meðan Búnaðarfélag Íslands fer með mál þessi, skal val búnaðarmálastjóra hundið samþykki landbúnaðarmálaráðherra.

3. gr.

Störf þau, sem Búnaðarfélagi Íslands eru falin í lögum þessum, annast búnaðarmálastjóri með aðstoð ráðunauta og trúnaðarmanna í samráði við stjórn félagsins.

Greini búnaðarmálastjóra og stjórn félagsins á um þau mál, er félagið fer með í umboði ríkisvaldsins, má skjóta ágreiningsatriðinu til landbúnaðarráðherra, er fellir fullnaðarúrskurð um málið.

4. gr.

Hvert búnaðarsamband ræður trúnaðarmann (og fleiri en einn, ef nauðsyn krefur) í samráði við búnaðarmálastjóra, er hafi á hendi leiðbeiningar, mælingar, skýrslugerð og eftirlit með þeim framkvæmdum, sem styrktar eru samkvæmt lögum þessum, undir yfirstjórn Búnaðarfélags Íslands.

Búnaðarfélag Íslands gefur ráðunautum og trúnaðarmönnum erindisbréf samkvæmt lögum þessum. Búnaðarmálastjóri hefir eftirlit með því, að trúnaðarmenn ræki vel störf sín. Skal hann í því skyni fela ráðunautum Búnaðarfélags Íslands að athuga úttekt og mælingar þeirra umbóta, er styrks njóta, eftir því sem þurfa þykir. Ráðunautarnir skulu gefa skriflega skýrslu um athuganir sínar í hvert sinn.

Telji Búnaðarfélag Íslands, að starfi trúnaðarmanns sé í einhverju ábótavant, getur það óskað þess, að þegar sé úr því bætt, og ef miklar sakir eru, skal vika honum frá starfi.

Greiðslur fyrir störf sín fá trúnaðarmenn frá búnaðarsamböndunum, eftir reglum, sem Búnaðarfélag Íslands setur í samráði við þau.

5. gr.

Í hverjum hreppi eða bæjarfélagi skal vera eitt búnaðarfélag. Heimilt er þó, að í hreppi séu tvö búnaðarfélög, ef sérstakar ástæður mæla með því og Búnaðarfélag Íslands samþykkir.

Stjórn búnaðarfélaga skal skylt að halda skýrslur og reikninga, eftir því sem stjórn Búnaðarfélags Íslands ákveður. Samrit af skýrslum þessum og reikningum skal senda hlutaðeigandi búnaðarsambandi.

6. gr.

Hver sá, er njóta vill styrks samkvæmt lögum þessum, verður að vera félagsmaður í búnaðarfélagi þess hrepps eða bæjar, þar sem hann á lögheimili, og ársfélagi í Búnaðarfélagi Íslands og greiða árlega kr. 3.00 til þess. Hver ársfélagi fær búnaðarblað félagsins endurgjaldslaust. Heimilt er þó, með samþykki Búnaðarfélags Íslands, þeim bændum, er vegna landshátta eiga erfitt með að vera í búnaðarfélagi síns hrepps, að vera í búnaðarfélagi næstu sveitar.

Formenn hreppabúnaðarfélaga annast innheimtu árgjaldsins, og má Búnaðarfélag Íslands halda því eftir af jarðræktarstyrk hlutaðeigandi einstaklinga og búnaðarfélaga.

7. gr.

Kjósa skal til Búnaðarþings innan hvers búnaðarsambands 1 fulltrúa fyrir hver 300 félagsmanna atkvæði og auk þess einn fyrir brot úr 300, sé það meira en $\frac{1}{3}$ þeirrar tölu, og jafnmarga til vara. Gildir kosningin til 4 ára. Kosningarétt og kjörgengi hafa þeir einir, sem eru ársfélagar í Búnaðarfélagi Íslands og lögheimili eiga á hlutaðeigandi sambandssvæði og hafa minnst 20 ha. af landi til eigin afnota. Þeir, er hafa grasnyt af minna landi til eigin afnota en að ofan getur, skulu hafa eitt atkvæði við kosningu þessa fyrir hverja 20 ha. samtals, og velja þeir sér fulltrúa úr sinum hópi til að fara með atkvæði sitt.

Rétt til að bera fram kjörlista hafa minnst félagsmenn með samtals 40 atkvæði, og skulu vera jafnmargir á hverjum lista og kjósa á og jafnmargir til vara. Komi fram fleiri en einn listi, skal blutfallskosning viðhöfð.

Kosning til búnaðarþings skal jafnan fara fram á aðalfundum hreppabúnaðarfélaganna. Stjórn hlutaðeigandi búnaðarsambands sér um kosninguna. Að

öðru leyti fer um framkvæmd kosningarinnar eftir ákvæðum reglugerðar, er landbúnaðarráðherra setur, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

8. gr.

Nú kys Búnaðarfélag Íslands að hætta umsjón með framkvæmd þessara laga, og skal þá landbúnaðarráðherra sjá um framkvæmd þeirra á þann hátt, sem hann telur best henta, unz önnur skipun er þar á gerð.

II. KAFLI

Um styrki til jarðræktar og húsabóta.

9. gr.

Til framkvæmda þeirra í jarðrækt og húsabótum, sem taldar eru í þessari grein, skal greiða styrk úr ríkissjóði, sem hér segir (sbr. þó 11. gr.):

I. a.	Þvaggryfjur, alsteyptar	kr.	8.50	m ³
b.	Safnþrær, steyptar með jærnpaki	—	5.00	—
c.	Áburðarhús, alsteypt	—	7.00	—
d.	Áburðarhús, steypt með jærnpaki	—	5.00	—
e.	Áburðarhús og safnþrær úr öðru efni	—	1.50	—
f.	Haugstæði, steypt með steyptu undirlagi og 1 m. veggjum	—	3.00	m ²
II. a.	Skurðir, dýpt 1 m. og grynri	—	1.20	10 m ³
b.	Skurðir, dýpt 1 m. til 1,3 m.	—	1.50	— —
c.	Skurðir, dýpt yfir 1,3 m.	—	2.00	— —
d.	Lokuð grjótræsi, dýpt 1,1 m. og dýpri	—	1.70	10 m.
e.	Viðarræsi, dýpt 1,1 m. og dýpri	—	1.20	— —
f.	Hnausræsi, dýpt 1,1 m. og dýpri	—	0.70	— —
g.	Pipuræsi, dýpt 1,1 m. og dýpri	—	2.00	— —
III. a.	Þaksléttur í nýrækt	—	1.60	100 m ²
b.	Græðisléttur í nýrækt	—	1.40	— —
c.	Sáðsléttur í nýrækt	—	2.50	— —
d.	Þaksléttur í túni	—	1.40	— —
e.	Græðisléttur í túni	—	1.25	— —
f.	Sáðsléttur í túni	—	2.00	— —
g.	Matjurtagarðar og sáðreitir, ræktaðir úr óræktuðu landi eða þýfðu túni	—	1.80	— —
h.	Grjótnám úr sáðreitum og túni aldrei yfir 50 m ³ á býli árlega	—	1.00	m ³
IV.	Girðingar um tún og sáðreiti, sem að vörn og varanleik jafngildir minnst 5 strengja gaddavirsgirðingu	—	2.00	10 m.
V. a.	Þurrheyshlöður, steyptar með jærnpaki	—	1.00	1 m ³
b.	Þurrheyshlöður úr öðru efni, með jærnpaki	—	0.50	— —
c.	Votheyshlöður, steyptar með jærnpaki	—	2.50	— —

Þar, sem salerni er ekki á bæ, skal engan styrk veita til áburðarhirðingar, fyrr en úr því er bætt.

Styrkur til hlöðubygginga og áburðarhúsa greiðist ekki nema það sé mælt til styrks það ár, sem verkinu er lokið.

Ekki veitist styrkur út á minni þurrheyshlöðu en að rúmmál hennar sé minnst 50 m³.

Styrkur til haugstæða veitist því aðeins, að til sé nægilega stór safnþró fyrir kúabvag á býlinu.

10. gr.

Af styrk þeim, sem talinn er í 9. og 11. gr., renna 5% til hlutaðeigandi búnaðarfélags, til sameiginlegra félagsþarfa.

11. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal halda spjaldskrá yfir jarðræktarstyrk hvers býlis, og skal skrásetja það, er greitt hefir verið síðan jarðræktarlög, nr. 43 23. júní 1923, gengu í gildi. Skrásetning þessi tekur og til þjóð- og kirkjujarða að því er snertir upphæðir þær, er farið hafa til afgjaldsgreiðslu býlanna, og skal telja aðeins þann hluta afgjaldsins, er nemur venjulegum jarðabótastyrk, miðað við þá dagsverkatölu, er jarðargjöldin voru reiknuð eftir. Styrkur sá til jarðræktar og húsabóta, er 9. gr. ákveður, skal þessum breytingum háður:

- a. Býli, sem fengið hefir samtals minna en 1000 kr., greiðist 20% hærrí styrkur.
- b. Býli, sem fengið hefir samtals 4000—5000 kr., skal greiða 20% minna fyrir hvert verk.

Býli, sem fengið hefir samtals 1000–4000 kr., skal greiða styrk samkvæmt ákvæðum 9. gr. En býlum, sem fengið hafa fullar 5000 kr. til umbóta, greiðist enginn styrkur. Ákvæði b-liðs þessarar greinar, svo og ákvæði hennar um heildarhámarksstyrk ná þó ekki til nýbýla, sem reist hafa verið á óræktuðu landi á tímabilinu frá gildistöku jarðræktarlaganna frá 20. júní 1923 til gildistöku laga nr. 8 frá 1. febr. 1936, um nýbýli og samvinnubyggðir. Hámarksstyrkur til þessara nýbýla má nema allt að 7000 kr. til hvers býlis, enda hafi þau nýbýli ekki notið styrks samkv. lögum um nýbýli og samvinnubyggðir.

Ekki nær ákvæðið um heildarhámarksstyrk heldur til þeirra búa, er bæjarfélög reka og starfrækt eru vegna þess, að ókleift er sakir erfiðleika og dýrleika að flytja nauðsynlega neyzlumjólk til bæjarins handa íbúunum, að dómi Búnaðarfélags Íslands.

Hækkunar á styrk þeim, er 9. gr. ákveður, njóti aðeins jarðir samkvæmt skilgreiningu 1. gr. ábúðarlaga, nr. 87 19. júní 1933, svo og nýbýli, sem rekinn er sjálfstæður búrekstur á sem aðalatvinna, að álit Búnaðarfélags Íslands.

12. gr.

Nú er býli skipt, og ef jarðarhlutarnir verða í sjálfábúð, erfðaábúð eða í lífstíðarábúð, skiptist upphæð þess styrks, sem býlið hefir fengið, sbr. 11. gr., milli býlanna, eftir mati trúnaðarmanna Búnaðarfélags Íslands. Af styrkupp-hæðinni skal þó draga frá 25%, áður en skipti fara fram milli býlanna.

Séu býli sameinuð í ábúð eins manns, skal leggja saman jarðabótastyrk þann, sem þau hafa notið, og hækka þá tölu um 25%. Þá upphæð, sem þannig

er fengin, skal svo leggja til grundvallar við útreikning á framhaldsstyrk fyrir umbætur á býlinu.

13. gr.

Hámarksstyrkur til hvers býlis til byggingar safngryfja og haughúsa má nema samtals	kr. 1500.00
og til hlöðubygginga	— 500.00
Hámarksstyrkur á ári til jarðræktar fyrir hvert býli má nema allt að	— 800.00

14. gr.

Enginn styrkur greiðist til jarðræktar á landi, sem ætla má, að tekið verði á næstu 20 árum eftir að verkið var unnið til lóða undir hús, fiskreita eða annars þess, sem er óviðkomandi jarðrækt.

15. gr.

Ábúendur þeirra jarðeigna ríkisins, sem ekki eiga kost á ábúð samkvæmt lögum nr. 8 1. febr. 1936, um erfðaábúð og óðalsrétt, mega vinna jarðarafgjaldið af sér með þeim jarðabótum, sem styrktar eru samkvæmt 9. gr., og reiknast þær þeim til afgangsgreiðslu helmingi hærra en nemur þeim styrk, er þeim ella bæri eftir 9. gr.

16. gr.

Nú vinnur ábúandi á jörð, sem er ríkiseign (þjóðjörð eða kirkjujörð) af sér jarðargjöld, sbr. 15. gr., og skal þá telja helming þeirrar upphæðar ár hvert, sem til afgangsgreiðslu fer, sem styrk veittan býlinu, ásamt þeim styrk, er ábúandi kann að njóta samkv. 9. og 11. gr., þar til komnar eru til býlisins samtals 5 þús. kr. Úr því fellur heimild ábúanda niður til að vinna af sér jarðargjöld.

17. gr.

Við fasteignamat skal meta, hvað mikið býli hefir aukizt að verðmæti fyrir styrk, greiddan býlinu samkv. II. kafla þessara laga. Skal sá hluti styrksins færður í sérstakan dálk í fasteignamatsbók sem fylgifé býlisins og þó meðtalinn í matsverði þess samanlögðu. Telst fylgiféð sem vaxtalaust framlag ríkissjóðs til býlisins, og er óheimilt að selja eða veðsetja þann hluta fasteignarinnar, sem matsverði styrksins nemur.

Við sölu jarða skal seljandi leggja fram yfirlýsingu frá Búnaðarfélagi Íslands um, hve mikils styrks býlið hefir notið frá því er lög þessi öðluðust gildi, og skal sú verðaukning, er af styrknum leiðir, sbr. undanfarandi málsgr., tilgreind sérstaklega í kaupsamningi.

Seljist býli yfir fasteignamatsverð jarðareiganda, að viðbættu virðingarverði þeirra mannvirkja, er unnin hafa verið á jörðinni frá því er síðasta fasteignamat fór fram, skal verðhækkuninni skipt hlutfallslega eftir verðhæð þeirri, er seljandi á í eigninni, og því verðmæti samanlögðu, sem metið er, að stafi af styrk samkvæmt lögum þessum. Ber seljanda að greiða þann hluta verðhækkunarinnar er af styrknum leiðir, til hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóðs. Að

Því leyti sem söluverð jarðar er metið hækka af ástæðum, sem eru óviðkomandi þeim umbótum, er styrkur hefir verið greiddur til, skal sú verðhækkun undanþegin greiðslu til bæjar- eða sveitarsjóðs.

Nú selst jörð fyrir neðan fasteignamatsverð, að viðbættu matsverði umbóta, er gerðar hafa verið frá því er síðasta fasteignamat fór fram, og lækkar þá fylgifié jarðarinnar hlutfallslega.

Að því leyti sem meta þarf við sölu jarða umbætur, er gerðar hafa verið eftir að fasteignamat fór síðast fram og meta og úrskurða, af hverjum ástæðum verðhækkun stafar, skal slikt mat framkvæmt af 3 mönnum. Dómkveður sýslumaður eða bæjarfógeti 2 þeirra, en hlutaðeigandi trúnaðarmaður Búnaðarfélags Íslands skal vera oddamaður. Skat matskostnaður ákveðinn í matinu og greiddur af seljanda.

III. KAFLI

Um félagsræktun.

18. gr.

Nú taka menn í félagi land til túnræktar eða garðyrkju og hafa gert samninga um eignarumráð eða leigunot á landinu, svo og samning sín á milli um aðstöðu hvers einstaks félagsmanns til ræktunarinnar, og ber þeim þá jarðræktarstyrkur samkvæmt því, er segir í 19. og 20. gr.

19. gr.

Félög, er samkvæmt samþykktum sínum eru að undirbúa land til stofnunar nýbýla eða samvinnubyggða, skulu njóta styrks fyrir hvern félagsmann samkv. ákvæðum 9. gr. Þegar byggt hefir verið yfir fólk og fénað á þessum löndum, fá félagsmenn viðbótarstyrk samkvæmt ákvæðum 11. gr.

20. gr.

Félög manna í kaupstöðum, kaupúnum eða sveitaþorpum, er taka nálægt land til ræktunar og hafa ákvæði í samþykktum sínum, er tryggja það, að hver félagsmaður geti fengið sinn hluta af ræktunarlandinu, útskiptan til eigin nota, skulu njóta styrks fyrir hvern félagsmann samkvæmt 9. gr.

21. gr.

Jarðræktarfélag, sem ekki geta heyrt undir ákvæði 19. og 20. gr., skulu njóta styrks innan takmarka laga þessara, ef Búnaðarfélag Íslands mælir með, enda gerir það tillögur í því efni til landbúnaðarráðherra, en hann úrskurðar, hvort styrkur skuli veittur.

22. gr.

Skilyrði fyrir því, að jarðræktarfélag samkv. 19. og 20. gr. geti notið styrks, skulu jafnan vera þau, að félagið sendi Búnaðarfélagi Íslands staðfest eftirrit af samþykktum sínum og samningum þeim öllum, er getur um í upphafi þessa kafla. Getur Búnaðarfélag Íslands skipað fyrir um breytingar á samþykktum

eða samningum, ef því þykir ástæða til, enda fellur styrkur niður, ef Búnaðarfélagi Íslands þykir ekki frá þeim gögnum gengið á fullnægjandi hátt.

23. gr.

Verði samningar ekki haldnir um notkun og skipting lands, svo að afnot þess verði með öðrum hætti en upphaflega var ætlað, t. d. að land komist á fárra manna hendur og ef einstakur maður hefir fengið það mikið af landi, að opinber styrkur, er til þess hefir gengið, nemur meiru en heimilt er, að einstaklingur njóti samkvæmt ákvæðum 12., 19. og 20. gr., skal hann endurgreiða ríkissjóði það af styrknum, sem umfram er, og er landið að veði fyrir skaðlausri greiðslu.

IV. KAFLI

Um verkfærakaupasjóð.

24. gr.

Tillag úr ríkissjóði til verkfærakaupasjóðs skal árlega nema kr. 80000.00, er skiptist milli hreppabúnaðarfélaga, að $\frac{2}{3}$ hlutum eftir tölu jarðabótamanna og að $\frac{1}{3}$ hluta eftir tölu félaga í búnaðarfélögum.

Sú upplæð, sem hvert hreppabúnaðarfélag fær samkvæmt því, skal vera séreign þess.

25. gr.

Tilgangur sjóðsins er að létta undir með bændum, einstökum eða fleirum í félagi, svo og búnaðarfélögum, til að eignast eftirtaldar vélar og verkfæri:

1. Hestverkfæri til jarðyrkju og verkfæri vegna garðyrkju og kornræktar.
2. Heyvinnuvélar, svo sem sláttuvélar, rakstrarvélar og snúningsvélar.
3. Tóvinnuvélar til heimilisiðnaðar, svo sem handspunavélar, prjónavélar og vefstóla.
4. Dráttarvélar með tilheyrandi verkfærum, svo og minni skurðgröfur.

Styrkurinn nemi allt að helmingi af kaupverði þeirra verkfæra, er talin eru í 1. og 2. tölul. þessarar greinar, en allt að $\frac{1}{3}$ af kaupverði vélanna eða verkfæranna, sem talin eru í 3. og 4. tölul., en aldrei skal þó styrkurinn fara yfir 400 kr. samtals til sama manns.

26. gr.

Styrkur til dráttarvéla og skurðgrafna veitist aðeins búnaðarfélögum, einu eða fleirum í félagi. Til þess að búnaðarfélög fái styrk til verkfærakaupa, þarf samþykki almenns fundar í hlutaðeigandi búnaðarfélagi eða félögum um kaupin, enda starfræki félagið áhöldin og selji þau ekki til einstakra manna eða félaga, nema með samþykki félagsfundar og Búnaðarfélags Íslands.

27. gr.

Umsóknir um styrk úr sjóðnum skal senda stjórn hlutaðeigandi búnaðarfélags, sem innfærir þær, ásamt áliti sínu, í gerðabók félagsins, og sendir þær svo, ásamt umsögn sinni, til Búnaðarfélags Íslands, sem fellir fullnaðarúrskurð um umsóknirnar og útvegar verkfærin.

28. gr.

Nú er fé fyrir hendi í verkfærakaupasjóði, og er þá Búnaðarfélagi Íslands heimilt að lána þeim búnaðarfélögum, er þess hafa sérstaklega þörf, fé til verkfærakaupa. Upphæð lánsins má nema allt að tveggja síðustu ára tillagi til hlutaðeigandi búnaðarfélags úr sjóðnum. Lánin skulu að fullu endurgreidd á næstu tveim árum.

29. gr.

Reikningshald verkfærakaupasjóðs og innheimtu lána hans annars Búnaðarfélag Íslands, og lætur hann hverju búnaðarfélagi árlega í té samrit af viðskiptum þess við sjóðinn. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Búnaðarfélags Íslands.

V. KAFLI

Um vélasjóð.

30. gr.

Ríkið kaupi, starfræki og geri tilraunir með vélknúnar jarðræktarvélur og skurðgröfur, sem ætla má, að hæfi hérlendum staðháttum.

31. gr.

Ríkið greiði vélasjóði nú þegar 50000 krónur.

Skoðast þetta sem stofnfé sjóðsins, að viðbættum núverandi eignum hans.

32 gr.

Starfsemi sjóðsins skal vera tvískipt. Skal nokkru af stofnfé hans varið til útlána vegna vélakaupa í þágu landbúnaðarins. Setur landbúnaðarráðuneytið reglur um lánastarfsemi sjóðsins, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

Því, sem ekki er varið til útlána af stofnfé sjóðsins, skal einungis varið til kaupa á vélum þeim, sem 30. gr. gerir ráð fyrir, og til starfrækslu þeirra, svo lengi sem tilraunir standa yfir.

33. gr.

Kaup á stórum skurðgröfum til tilrauna séu því aðeins gerð, að þörf sé á þeim til meiri háttar framræslu og þurrkunar.

Nú reynist skurðgrafa nothæf, og skal þá ríkissjóður kaupa hana af vélasjóði.

34. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal hafa umsjón og eftirlit með skurðgröfum ríkisins, en atvinnumálaráðuneytið setur reglur um starfrækslu þeirra, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

Búnaðarfélag Íslands skal annast kaup á vélum og skurðgröfum fyrir vélasjóð og sjá um, að þær verði reyndar til hlítar.

35. gr.

Landþurrkunar- eða áveitufélag, sem stofnað er samkvæmt fyrirætlum vatnalaganna frá 1923, 4. og 8. kafla, hefir rétt til að fá eina eða fleiri af skurðgröfum ríkisins lánaðar, svo fljótt sem ástæður leyfa, enda hagi svo til, að hentugt sé að nota þar skurðgröfu.

Ríkið lánar skurðgröfurnar án endurgjalds, greiðir allan kostnað af flutningi þeirra milli vinnustaða og hefir umsjón með viðhaldi þeirra.

36. gr.

Af kostnaði þeim, er leiðir af starfrækslu skurðgrafnanna, þar með talið nauðsynlegt viðhald þeirra, varahlutir og vátrygging, greiðir ríkissjóður $\frac{1}{3}$, $\frac{1}{3}$ heimilast landþurrkunar- eða áveitufélögunum að útvega sér að láni, en $\frac{1}{3}$ skulu landeigendur leggja fram sjálfir um leið og verkið er framkvæmt.

Verk þau, sem styrkt eru af ríkinu á þennan hátt, geta ekki notið styrks samkvæmt II. kafla þessara laga.

37. gr.

Allar aðrar vélar en þær, er 33. gr. getur, sem keyptar verða fyrir fé vélasjóðs og reynast nothæfar, skal félögum eða einstaklingum gefinn kostur á að eignast með sanngjörnu verði.

38. gr.

Búnaðarfélag Íslands hefir á hendi reikningshald vélasjóðs. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Búnaðarfélags Íslands.

VI. KAFLI

Um búferlaflutning.

39. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal fela trúnaðarmönnum sínum að athuga og gefa skýrslur um þær jarðir, sem þeir telja, að séu í hættu fyrir jarðspjöllum, svo sem sandfoki, skriðufalli, jökulhlaupi eða landbroti o. s. frv.

Ennfremur skulu þeir gefa skýrslur um þær jarðir, sem liggja mjög illa við samgöngum eða eru sérlega óhægar til búrekstrar.

40. gr.

Nú þykir Búnaðarfélagi Íslands skýrslur trúnaðarmanna bera það með sér, að jarðir séu sérstaklega athugunarverðar sem framtíðarbýli, og skal það þá fela einhverjum starfsmanni sínum, ásamt trúnaðarmanni hlutaðeigandi búnaðarsambands og formanni búnaðarfélags hlutaðeigandi hrepps, að rannsaka ýtarlega ásigkomulag umræddra jarða og allt það, er þeir telja að máli skipti, eftir nánari fyrirætlum Búnaðarfélags Íslands.

Skýrslur nefndarinnar skal senda hlutaðeigandi hreppsnefnd til umsagnar.

41. gr.

Telji Búnaðarfélag Íslands, að loknum þessum rannsóknum og að fengnu álitni hlutaðeigandi hreppsnefndar, að jörð eða býli geti ekki talizt byggileg til frambúðar, skal það leggja málið fyrir landbúnaðarráðherra, sem ákveður, hvort veita skuli framvegis styrk samkv. II. kafla laga þessara til umbóta á jörðinni.

42. gr.

Þegar ábúandi þeirrar jarðar, sem svipt hefir verið jarðabótastyrk (sbr. 41. gr.), flytur burt á aðra jörð eða stofuar nýbýli og jörðin leggst í eyði, skal greiða honum úr rikissjóði helming þess verðmunar, sem reynist á söluverði og fasteignamatsverði húsa þeirra, er hann átti á jörðinni. Vilji hann reisa nýbýli, skal enn fremur gefa honum kost á nægilegu landi, er byggt verði samkv. lögum nr. 8 1. febrúar 1936, um erfðaábúð og óðalsrétt, en landið skal hann hafa afgjaldslaust til lífstiðar.

VI. KAFLI

Um erfðaleigulönd.

43. gr.

Bæjarstjórn í kaupstöðum og hreppsnefndir í kauptúnum skulu, áður en eitt ár er liðið frá því að lög þessi öðlast gildi, láta fara fram endurskoðun á leigumála allra ræktunarlóða, sem leigðar hafa verið á erfðaleigu innan takmarka umdæmisins. Skulu þeir færðir til samræmis við ákvæði laga þessara, eftir því sem við verður komið, samkvæmt reglum, er Búnaðarfélag Íslands setur.

44. gr.

Búnaðarfélag Íslands getur falið bæjarstjórnnum í kaupstöðum og hreppsnefndum í kauptúnum að gefa skýrslur um land það, sem að álitni þeirra liggur bezt við til ræktunar innan takmarka kaupstaðarins eða kauptúnsins, en þó eigi, ef líkur eru til, að á því þurfi að halda til byggingarlóða eða annara framkvæmda en ræktunar. Þegar þjóðjörð eða kirkjujörð liggja að landi kaupstaðar eða kauptúns, ná þessi ákvæði einnig til hennar. Skýrslum þessum skulu fylgja þær upplýsingar, sem Búnaðarfélag Íslands tiltekur.

45. gr.

Að fengnum skýrslum þeim, er um getur í 44. gr., gerir Búnaðarfélag Íslands, eins fljótt og verða má, uppdrátt af landinu og tillögur um skipulag til ræktunar og hagnýtingar þess.

Afrit af uppdrætti með tillögum um lagning vegakerfis, vatnsæða og skiptingu landsins, svo og tillögur um fyrirkomulag ræktunar og hagnýtingar þess, sendir Búnaðarfélag Íslands bæjarstjórn eða hreppsnefnd.

46. gr.

Nú er land, sem hæft er til ræktunar, í námunda við kaupstað, kauptún eða þorp, og íbúana skortir land til afnota, skal þá hlutaðeigandi bæjarstjórn

eða hreppsnefnd hlutast til um að fá landið. Nú takast samningar ekki um kaup eða leigu á landinu, og er þá bæjarstjórn eða hreppsnefnd heimilt að taka landið leigu- eða eignarnámi, ef Búnaðarfélags Íslands mælir með því. Fer um framkvæmd þess samkvæmt lögum nr. 61 14. nóv. 1917, um framkvæmd eignarnáms.

47. gr.

Heimild sú til eignarnáms, sem gefin er í 46. gr., nær ekki til þess lands, sem eigandi hefir tekið til ræktunar, né þess lands sem eigandi hefir léð öðrum til ræktunar eða notar sjálfur á annan hátt, ef það telst þeim eða honum nauðsynlegt til bjargræðis. Sama gildir um land, sem fornminjar eru á, eða sérstök náttúruprýði, sem skylt er að vernda.

48. gr.

Lönd, sem tekin eru til ræktunar samkvæmt 46. gr., skulu jafnan leigð á erfðaleigu, og skal árgjaldið vera 3% af verðmæti landsins, samkv. fasteignamati, að viðbættu virðingarverði þeirra umbóta, er gerðar hafa verið af leigusala á landinu, eftir að fasteignamat fór fram.

49. gr.

Réttur til erfðaleiguabúðar á löndum þessum erfist samkvæmt lögum nr. 8 1. febr. 1936, III. kafla 24. gr., um erfðaábúð og óðalsrétt.

50. gr.

Um erfðaleigulönd skal jafnan gerður skriflegur samningur, og er leigutaka skylt að láta þinglýsa honum á sinn kostnað.

Í erfðaleigusamningi skulu meðal annars felast þessi ákvæði:

1. Stærð og lega erfðaleigulands, enda fylgi samningnum uppdráttur af landinu.
2. Á hve löngum tíma landið skuli fullræktað. Hvernig mannvirkjum skuli við haldið og hverjum vítum vanefndir varða.
3. Hvert sé frumverð landsins samkvæmt 43. gr., þegar landið er leigt.
4. Ákvæði um kaup samkv. 51. gr.

51. gr.

Hvenær sem ríkið telur þörf fyrir erfðaleiguland, til notkunar undir opinber mannvirki ríkis, hrepps- eða bæjarfélags, svo og til sérstaks atvinnurekstrar, er leigutaka skylt að láta af hendi erfðaleigurétt sinn, að nokkru eða öllu leyti. Fyrir leiguréttindi leiguhafa, ræktun og önnur mannvirki skal greiða honum eftir mati, nema öðruvísi semji. Opinber styrkur, sem greiddur hefir verið til mannvirkjanna samkv. II. kafla laga þessara, skal dreginn frá söluverðinu.

Nú krefst ríkið meira af landinu en $\frac{1}{4}$ hluta þess, og getur þá leigutaki krafizt, að landið verði allt tekið, með þeim mannvirkjum, sem á því eru, eftir mati.

52. gr.

Með þeim takmörkunum, sem felast í 51. gr., getur leigutaki selt rétt sinn og veðsett. Þó má hann aldrei veðhinda það fyrir hærri fjárhæðum en sem nemur verðmæti þeirra mannvirkja, er hann á á landinu, að frádregnum opinberum styrk.

53. gr.

Land, sem tekið er til ræktunar eftir fyrirmælum þessa kafla, skal leigutaki rækta á eigi lengri tíma en 10 árum, enda sé minnst tíundi hluti þess ræktaður á ári hverju. Að öðrum kosti fellur landið aftur til eiganda, án þess að nokkuð sé greitt fyrir það, sem unnið kann að hafa verið að ræktun þess.

54. gr.

Erfðaleigulönd þessi má einungis nota til jarðræktar, að undanskildu svæði, sem þarf til íbúðarhúss, útihúsa og peningshúsa leigutaka.

55. gr.

Nánari reglur um erfðaleigulönd skal setja með sérstakri reglugerð, er landbúnaðarráðherra gefur út, að fengnum tillögum frá Búnaðarfélagi Íslands.

VIII. KAFLI

Almenn ákvæði.

56. gr.

Sá, er segir trúnaðarmanni eða Búnaðarfélagi Íslands visvitandi rangt til um framkvæmdir og gerð þeirra mannvirkja, er styrks eiga að njóta samkv. II. og III. kafla, eða brýtur að öðru leyti ákvæði þessara laga í einhverju því, er verulegu máli skiptir, skal sæta sektum frá 10—500 krónum, og ef það er gert í eiginhagsmunaskyni, má þvingja refsinguna um helming.

Brjóti trúnaðarmaður eða annar starfsmaður Búnaðarfélags Íslands þær fyrirskipanir, er honum eru settar í erindisbréfi, eða fari ekki eftir fyrirmælum laga þessara eða reglugerðar, skal hann sæta sömu refsingu, er að ofan getur, nema þingri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum. Með mál út af brotum á þessari grein skal farið sem almenn lögreglumál.

57. gr.

Landbúnaðarráðherra gefur út reglugerð, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, um nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

58. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi numin lög nr. 43 23. júní 1923 (jarðræktarlög), lög nr. 40 7. maí 1928, um breyting á þeim lögum, lög nr. 52 19. maí 1930, lög nr. 75 19. júní 1933, um breyting á þeim lögum, og lög nr. 77 8. apríl 1935. Sömulleiðis falla úr gildi lög nr. 35 12. maí 1930, um

skurðgröfur ríkisins, svo og önnur þau lagafyrirmæli, er koma í bága við lög þessi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þegar lög þessi hafa öðlzt staðfestingu, skal landbúnaðarráðherra hlutast til um, að stjórn Búnaðarfélags Íslands kveðji húnaðarþing til aukafundar, til ákvörðunar um þær skipulagsbreytingar, er lög þessi gefa tilefni til. Að fengnu samþykki húnaðarþings á þeim breytingum, er lög þessi valda, skal Búnaðarfélag Íslands, með samþykki landbúnaðarráðherra, ákveða, hvenær kosningar til húnaðarþings fara fram, og skal þeim í síðasta lagi lokið fyrir næstkomandi áramót.

Ákvæði a- og b-liðs 11. gr., svo og ákvæðin um heildarhámarksstyrk, koma fyrst til framkvæmda við útborgun jarðræktarstyrks árið 1938.

Ennfremur koma ákvæði 17. gr. fyrst til framkvæmda eftir að fasteignamat 1940 hefir öðlzt gildi, og nær aðeins til þess jarðræktarstyrks, er greiddur hefir verið frá gildistöku þessara laga.